

REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „húsnæði með“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: fullu.
- b. Á eftir orðunum „sem fylgir“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: fullt.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að greiða fæðispeninga skv. 4. mgr. að hluta og skulu þeir nema 30% vegna morgunverða, 30% vegna hádegisverða og 40% vegna kvöldverða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. mgr. 33. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 15. apríl 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2020